

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

1. *Hvert var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi 2006 og hve mikið hefur það aukist frá því árið 1990?*

Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi árið 2006 var 4.234 þús. tonn í CO₂-ígildum. Þar af eru 535,5 þús. tonn sem falla undir 14/CP.7 (íslenska ákvæðið). Heildaraukning frá 1990 eru 24,2%. Ef horft er fram hjá útstreymi sem fellur undir 14/CP.7 er aukningin 8,5%.

2. *Hvernig skiptist útstreymi gróðurhúsalofttegunda samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: iðnaðarferlar, eldsneytisbrennsla í iðnaði, vegasamgöngur, fiskiskip, önnur eldsneytisbrennsla, landbúnaður og úrgangur, og hver hefur þróunin verið frá árinu 1990?*

Í töflu 1 eru birtar losunartölur fyrir öll ár frá 1990–2006 fyrir þá þætti sem spurt er um, auk undirflokka, svo sem PFC og eldsneytisbrennslu. Jafnframt vísast til meðfylgjandi grafa sem sýna losun gróðurhúsalofttegunda eftir greinum árin 1990–2006. Mynd 1 sýnir samlagða heildarlosun eftir greinum. Á mynd 2 er losun einstakra greina aðgreind. Allar tölur eru í þús. tonna CO₂-ígildum. Jafnframt eru til glöggvunar sýnd skífurit sem sýna hlutfallslega losun einstakra greina fyrir árin 1990 (mynd 3) og 2006 (mynd 4).

3. *Hvernig skiptist útstreymið á þær lofttegundir sem eru inni í loftslagsbókhaldinu? Í svarinu óskast sundurliðað hversu stór hluti PAH-losunar kemur frá stóriðju.*

Í töflu 2 er sýnd skipting útstreymis eftir þeim gróðurhúsalofttegundum sem eru gefnar upp í losunarbókhaldinu, annars vegar rauntölur og hins vegar sýnt sem prósentur af heildarlosun. Á mynd 5 er að lokum sýnd þróun í losun PFC-efna frá álverum en þau eru eina uppspretta þeirra efna hér á landi.

4. *Hvernig skiptist losunin 2006 á þær heimildir sem Ísland hefur samkvæmt Kyoto-bókuninni, a) almennar heimildir, b) heimildir samkvæmt ákvæði 14/CP7?*

Kyoto-bókunin gildir einungis fyrir losun sem á sér stað á árunum 2008–2012 og losun ársins 2006 á hér ekki við. Ef árið 2006 hefði fallið hér undir mundi losun ársins skiptast samkvæmt eftirfarandi:

- Almennar heimildir: 3698,8 þús. tonna CO₂-ígildi.
- Heimildir samkvæmt 14/CP7: 535,5 þús. tonna CO₂-ígildi.

5. *Hvenær má gera ráð fyrir að tölur fyrir árið 2007 liggi fyrir?*

Tölum er skilað inn til loftslagssamnings í apríl ár hvert og er þá skilað inn tölum tvö ár aftur í tímann. Endanlegar tölur fyrir 2007 munu liggja fyrir í apríl 2009.

6. *Hverju spáir Umhverfisstofnun um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar 2008–2012?*


Eldri spá um losun gróðurhúsalofttegunda var gerð árið 2006 og byggðist annars vegar á eldsneytisþá og hins vegar á mögulegum nýjum stóriðjuverkefnum á næstu árum. Spálíkan Umhverfisstofnunar frá þeim tíma gaf mismunandi niðurstöður eftir því hvaða forsendur voru settar inn varðandi stóriðju. Almennt gaf líkanið þó vísbendingar um að losun Íslands mundi vera innan marka Kyoto-bókunarinnar. Umhverfisráðherra hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að stofnunin geri endurskoðaða spá um losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. í ljósi þess að losun frá samgöngum hefur væntanlega aukist meira en þáverandi eldsneytisþá gerði ráð fyrir. Einnig þarf að gera ráð fyrir þeim möguleikum á stóriðjuverkefnum sem liggja fyrir, m.a. byggt á umsóknum um losunarheimildir samkvæmt lögum um losun gróðurhúsalofttegunda. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja ekki fyrir, en vonandi getur hún gefið skýrari mynd en spáin frá 2006 og svarað þeirri spurningu hvort auknar líkur séu á að Ísland fari yfir skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni en áður.

Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2006
Losun gróðurhúsalofttegunda í CO₂-íglidum

Allar tölur eru í þúsundum tonna	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
sjávarútvegur	788	749	890	938	912	930	1035	1023	944	931	840	790	876	830	760	732	619
fiskveiðar	682	683	747	778	767	780	837	818	789	773	728	646	713	677	647	633	555
fiskimjólsværsmíðjur	127	67	142	159	145	150	198	205	155	157	112	144	164	153	113	99	64
samgöngur	608	620	630	631	634	615	605	624	627	657	659	670	674	770	823	834	979
p.a. vegasamgöngur	516	534	548	545	552	548	528	565	573	607	619	625	634	714	751	785	900
lónaður og byggingastærseml	1117	994	777	758	724	787	755	937	1108	1289	1283	1304	1249	1249	1281	1272	1685
eidsneytisbrennsla	251	234	211	222	215	228	220	285	309	335	333	333	313	290	332	327	344
lónaðarferlar	867	760	566	536	509	559	535	652	798	934	960	971	936	960	949	944	1341
p.a. PFC losun frá álverum	420	348	155	75	45	59	25	82	180	173	127	92	73	60	39	26	333
landbúnaður	573	559	534	539	546	524	539	538	542	547	530	526	503	486	476	479	512
úrangur	184	187	192	193	195	198	200	200	197	197	200	204	196	200	193	189	207
jarðhiti	67	67	67	67	67	82	82	71	94	123	163	154	159	138	124	123	156
annað	71	72	68	70	62	64	67	51	66	65	58	71	69	42	88	79	75
Samtals	3409	3249	3157	3194	3139	3199	3283	3445	3578	3789	3733	3720	3726	3716	3745	3709	4234
losun sem gæti fallið undir 14/CP.7*										115	273	404	441	451	455	440	535

* ákvæði 14/CP.7 við Kyoto-bókunina, heimildir íslendingum að telja fram sérstaklega útstreymi sem fellur undir ákvæðið á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (frá 2008 til 2012).

Hlutfallsleg losun eftir greinum 1990



Hlutfallsleg losun eftir greinum 2006

